

Minnisblað

80. maí

Móttakandi: Karl Björnsson Dags.: 21. september 2012
Sendandi: Svandís Ingimundardóttir Málsnr.: 0910017SA
Málalykill: 340

Efni: Talþjálfun grunnskólabarna - fundur með velferðarráðherra

Málefni talþjálfunar grunnskólabarna eru í ólestri og hafa verið, meira og minna, allt frá yfirfærslu grunnskólans til sveitarfélaga árið 1996. Sambandið hefur ítrekað óskað eftir fundum með ftr. þáverandi heilbrigðis- og menntamálaráðuneyta, núverandi velferðarráðuneyti og mennta- og menningarmálaráðuneyti. Er nú loksins farið að rofa heldur til og aðilar málsins hafa hist á tveimur fundum að frumkvæði sambandsins.

Ljóst er að ekki ríkir sameiginlegur skilningur hjá ríki og sveitarfélögum á verka-, kostnaðar- og ábyrgðarskiptingu þegar kemur að talþjálfun grunnskólabarna. Það vandamál nær ekki til leikskólabarna.

Vandamálið má rekja til samninga Sjúkratrygginga Íslands (áður Tryggingastofnun ríkisins) við talmeinafræðinga sem voru án samninga við heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra. Í 4. grein samnings frá 7. mars 2006 má sjá eftirfarandi ákvæði: „Ef um sjúklinga á grunnskólaaldri er að ræða gilda þó eftirfarandi skilyrði ... Skilyrði er að sjúklingur hafi fengið fyrstu greiningu, ráðgjöf og þjálfun hjá talmeinafræðingi sveitarfélags, a.m.k. 18. tíma“. Þetta ákvæði í samningi talmeinafræðinga og TR á sínum tíma er svo staðfest í 5. gr. reglugerðar nr. 1166/2007.

- Samband íslenskra sveitarfélaga er ekki aðili að umræddum samningi og ekki virðist hafa komið til álita við samningu reglugerðarinnar að hafa um hana samráð við sambandið.
- Reglugerðin var felld úr gildi um sl. áramót þar sem talmeinafræðingar hafa nú allir samning við SÍ.
- Mennta- og menningarmálaráðuneytið er sammála sambandinu um þá túlkun að greining og ráðgjöf teljist til verkefna sérfræðiþjónustu sveitarfélaga en meðferð og þjálfun er heilbrigðisþjónusta. Því beri sveitarfélögum ekki að greiða fyrir þann þátt þjónustunnar.
- Í reglugerð nr. 721/2009 um þjálfun sem sjúkratryggingar taka til og hlutdeild sjúkratryggðra í kostnaði við þjálfun segir í 4. grein um rétt sjúkratryggðra: „Greiðslur til sjúkratryggðra ...skulu vera sem hér segir: Börn undir 18 ára...skulu greiða 20% af umsömdu heildarverði fyrri fyrstu 25 meðferðarskipti á einu ári...“. Reglugerðin gildir um sjúkra-, iðju- og talþjálfun. Þessi skilningur er staðfestur á upplýsingavef SÍ þar sem fram kemur reyndar að SÍ greiði 80% af fyrstu 30 meðferðarskiptunum.

- Í svari velferðarráðherra til Vigdísar Hauksdóttur á 139. löggjafarþingi (þskj.802) varðandi mismunun í endurgreiðslum SÍ til einstaklinga eftir aldri kemur eftirfarandi fram og vísar ráðherra til reglugerðar 721/2009: „Reglugerðin tryggir að allir einstaklingar sem leita sér þjónustu hjá talmeinafræðingi sem starfar samkvæmt samningi við Sjúkratryggingar Íslands, hvort heldur börn eða fullorðnir, njóta sömu þátttöku ríkisins í kostnaði.“

Samband íslenskra sveitarfélaga telur því ljóst að frávísun SÍ á beiðnum svf. og/eða foreldra um þátttöku í kostnaði við talþjálfun grunnskólabarna eigi sér enga laga- eða reglugerðarstöð og feli í sér mismunun. Ekki er hægt að fallast á það að SÍ geti, í samningum við eina fagstétt, ákvarðað um kostnaðarábyrgð sveitarfélaga án nokkurrar aðkomu þeirra.

Staðan er sú í tilfellum margra þeirra grunnskólabarna sem þurfa á þjónustu talmeinafræðinga að halda og foreldra þeirra að þau greiða sjálf fyrir þá þjónustu að fullu þar sem SÍ vísa þeim frá og sveitarfélögum ber ekki skylda til þess að greiða fyrir meðferðar- eða þjálfunarþáttinn. Í öðrum tilfellum fær barnið ekki þá þjálfun sem því ber vegna þessa ástands. Við svo búið má ekki standa lengur og leggur sambandið á það ríka áherslu að málið verði leyst í góðu samráði sambandsins og velferðarráðuneytisins.

SI

Minnisblað

Móttakandi: Fulltrúar á fundi um talþjálfun
grunnskólabarna 13. Ágúst 2012.

Dags.: 14. ágúst 2012

Sendandi: Gyða Hjartardóttir

Málsnr.: 0910017SA
Málalykill: 030

Efni: Punktar frá fundi um talþjálfun barna á grunnskólaaldri

Fundurinn var haldinn hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga þann 13. ágúst 2012. Til umfjöllunar á fundinum voru málefni talþjálfunar barna á grunnskólaaldri.

Fundinn sátu: Björn Þráinn Þórðarson, framkvæmdastjóri Fræðslu- og menningarsviðs Mosfellsbæjar, Ólafur Gunnarsson og Einar Njálsson frá velferðarráðuneyti, Guðlaug Björnsdóttir frá Sjúkratryggingum Íslands, Ragnheiður Bóasdóttir og Guðni Olgeirsson frá mennta- og menningarmálaráðuneyti, Þóra Sæunn Úlfisdóttir, talmeinafræðingur og einn af höfundum nýútgefinnar skýrslu á vegum MMR um stöðu barna og ungmenna með tal- og málþroskaröskun, Svandís Ingimundardóttir, Tryggvi Þórhallsson, Guðjón Bragason og Gyða Hjartardóttir frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

1. Sl rakti stuttlega forsögu og framvindu málsins og fundarmenn kynntu sig og sína aðkomu að málinu.
2. Fram kom í máli fulltrúa MMR að í samkomulagi frá 1997 á milli félagsmálaráðherra og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og Sambands íslenskra sveitarfélaga hafi verið samið um að sveitarfélögin greiði allan kostnað vegna fatlaðra barna (sérkennsluframlög) í leikskólum frá 1998 en sá kostnaður var árlega metinn 95 mkr. Engin göng finnast hins vegar um grunnskólana. Sl benti á að það liggi engin skjöl fyrir sem tilgreina talþjálfun sérstaklega. Sl benti jafnframt á að það væri sameiginlegur skilningur Sambands Íslenskra sveitarfélaga og ráðuneytanna sem að málinu koma að þjálfun og meðferð hafi ekki verið á hendi sveitarfélaga, heldur eingöngu greining. Fundarmenn voru sammála um að skyldur sveitarfélaga væru óskýrar og að það væri mikilvægt að skýra þær nákvæmlega.
3. PSÚ kynnti skýrslu MMR til menntamálanefndar Alþingis um stöðu barna og ungmenna með tal og málþroskaröskun. Skýrslan skiptist í tvo meginhluta. Fyrsti hluti byggir á víðtækri úttekt á opinberum gögnum um skipulag þjónustu, ábyrgð o.fl. sem varðar málefni barna og ungmenna með málþroskafrávik. Annar hluti byggir hins vegar á niðurstöðum könnunar á mati þeirra sem þjónustunnar njóta (foreldrar barna með

málþroskafrávik), þeirra sem hana veita (m.a. kennarar og sérfræðingar) og þeirra sem henni stýra (starfsmenn sveitarfélaga og sveitarstjórnarmenn) á eðli hennar og gæðum, aðgengi að þjónustu og þörf á úrbótum.

4. BPP vakti máls á 18 skipta viðmiðinu sem SÍ f.h. ríkisins samdi um við talmeinafræðinga á kostnað sveitarfélaga, algjörlega án þeirra aðkomu. Af hálfu sveitarfélaga, auk þess sem slíkt er nú lögbundið í dag með nýjum sveitarstjórnarlögum, hefur verið lögð á það áhersla að gengið sé formlega frá verkaskiptingu á milli ríkis og sveitarfélaga sem hafi kostnaðaráhrif, þá þurfi að fara fram mat á kostnaðaráhrifum. GBj staðfesti að þegar SÍ samdi við talmeinafræðinga um 18 skipta viðmiðið að slíkt hafi verið gert án aðkomu sveitarfélaga, en GBj taldi að um hreina viðbót af hálfu ríkisins hefði verið að ræða. Fundarmenn sammála um að skoða þurfi þetta viðmið samhliða öðru í þessu máli.
5. RB upplýsti að ekki hefði verið fjallað um skýrsluna með formlegum hætti innan MMR en búið að að boða til kynningarfundar innan ráðuneytisins þann 30. ágúst nk.. RB taldi ábyrgð MMR vera þá að útbúa minnisblað sem yrði sent frá ráðuneytinu, fjalla fyrst og fremst um málið og koma með ákvörðun í kjölfarið. Jafnframt lagði RB til að MMR tæki frumkvæði í málinu og fylgdi því eftir innan ráðuneytisins. Auk þess lagði RB til að með því að MMR tæki frumkvæði í málinu myndi ráðuneytið leggja til að skipaður yrði starfshópur og MMR myndi boða til fyrsta fundar þess hóps.
6. ÓG taldi jafnframt mikilvægt að ráðuneytin vinni saman að þessu máli en málið er jafnframt á borði velferðarráðuneytisins. Hann taldi mikilvægt að skýra betur stöðu VEL og MMR og taldi jafnframt mikilvægt að taka þetta mál föstum tökum. Allir fundarmenn sammála um það að þetta mál þurfi að taka föstum tökum og fylgja vel eftir til enda. Skilja þurfi á milli greiningar og meðferðar (hvað kostnaðarábyrgð varðar en viðhalda þjónustusamfellu) og taka þurfi til endurskoðunar 18 skipta viðmiðið. Lykilatriði er svo að skýra verkaskiptinu á milli ríkis og sveitarfélaga.

GHj skráði fundarpunkta

Minnisblað

Móttakandi: Fulltrúar á fundi um talþjálfun grunnskólabarna 13. ágúst 2012 Dags.: 11. júlí 2012

Sendandi: Svandís Ingimundardóttir Málsnr.: 0910017SA Málalykill: 340

Efni: **Minnisblað fyrir fund 13. ágúst 2012 um talþjálfunarmál grunnskólabarna**

Á fundi fulltrúa velferðar- og menntamálaráðuneytis, Sjúkratrygginga Íslands og sambandsins verður fram haldið vinnu að lausn ágreinings milli ríkis og sveitarfélaga um greiðsluþátttöku vegna þjálfunar/meðferðar grunnskólabarna hjá talmeinafræðingum (18 skiptin).

- Síðasti fundur um málið fór fram 27. janúar 2011. Ákveðið var að fresta frekari fundahöldum þar til skýrsla mennta- og menningarmálaráðherra til menntamálanefndar um stöðu barna og ungmenna með tal- og málþroskaröskun lægi fyrir.
- Skv. gögnum sambandsins er ekkert sem staðfestir að samið hafi verið sérstaklega um verkefnið *talþjálfun skólabarna* við yfirfærslu grunnskólans frá ríki til svf. 1996 eða því fylgt sérstakt fjármagn.
- „Á árunum 1990-1996 neitaði *fjmrn.* og *mmrn.* að setja peninga til fræðsluskrifstofa landsins vegna talkennslu. Nokkrar fræðsluskrifstofur gerðu hins vegar ráðstafanir og réðu talkennara af sérkennslukvóta grunnskóla. Talkennsla var þá, eins og hún er í dag skilgreind sem sérkennsla, gjarnan útfærð af sérkennara með sérþekkingu á máli og málþroska...sóttu ráðgjöf og greiningu einstaklinga til Heyrnar- og talmeinaastöðvar sem enn í dag telst til heilbrigðisþjónustu[...]Á þeim tíma sem sérfræðiþjónusta var yfirfærð frá ríki til svf. árið 1996, var það strangt tekið fram að sú sérfræðiþjónusta væri eingöngu ráðgjöf og greining, en ekki meðferð...talmeinaþjónusta er heilbrigðisþjónusta.“¹
- Í minnisblaði Ingibjargar Georgsdóttur, tryggingalæknis hjá TR, dags. 8. mars 2000, vegna bréfs frá Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar varðandi þjálfun grunnskólabarna segir m.a.“Meðferðarvinnu vegna barna greiðir TR skv. nýjum samningi við Félag talmeinafræðinga.“ Þar segir einnig í lokaorðum hennar: „...það er löngu tímabært að yfirvöld menntamála og heilbrigðismála tali saman um framtíðarskipulag á meðferðar og þjálfunarmálum skólabarna og finni þeim nýjan farmveg innan skólanna.“
- Árið 2006, með samningi TR við talmeinafræðinga, er opnað á greiðsluþátttöku TR vegna grunnskólabarna með framburðarerfiðleika *og stam* og þá komu fyrst fram umræddar takmarkanir: „...Skilyrði er að sjúklingur hafi fengið fyrstu greiningu, ráðgjöf og þjálfun hjá talmeinafræðingi sveitarfélags, a.m.k. 18 skipti.“²

¹ Tölvupóstur frá Birni Þránni Þórðarsyni, frkvstj. fræðslu- og menningarsviðs Mosfellsbæjar, eftir samtal við Snorra Þosteinsson, fv. fræðslustjóra Vesturlands í Borgarfirði og Ólaf Gunnarsson í velfrm. 29.02.2012.

² Viðtal við Kristinn Hilmarsson, talmeinafræðing í Reykjanesbæ og formann Félags talmeinafræðinga 28. des. 2011.

- Reglugerð nr. 1166/2007 um styrki TR v/þjónustu sjálfstætt starfandi talmeinafræðinga sem eru án samninga við heilbrigðis- og tryggingamála-ráðherra staðfesti þessar takmarkanir. Sú reglugerð var felld úr gildi 1. janúar 2012 þar sem flestir talmeinafræðingar eru að nýju komnir með samning við SÍ (áður TR).
- 18 skiptanna er nú einvörðungu getið í 4. grein rammisamnings velferðarráðherra við talmeinafræðinga frá 8. ágúst 2011; engin laga- eða reglugerðarstoð er því fyrir þeirri reglu.
- Skoðanamunur virðist uppi um túlkun ákvæðisins í rammisamningnum þar sem segir í 4. gr. að greiðsluþátttaka „...SÍ í þjálfun barna sem eru ennþá með þrálát frávik í framburði eftir að fyrsta bekk grunnskóla lýkur verði metin hverju sinni...“ með tilvísun til 18 skiptanna. Haft eftir talmeinafræðingi í Garðabæ þá hefur SÍ túlkað samninginn þannig að þetta eigi við um *öll* málþroskafrávik en ekki eingöngu alvarleg framburðarfrávik.³
- „Samkvæmt nýjustu túlkun SÍ á samningi við sjálfstætt starfandi talmeinafræðinga er ekki greitt fyrir talþjálfun á grunnskólalabarna nema sveitarfélag hafi áður greitt 18 tíma.“⁴
- Í greinargerð með frumvarpi til nýrra laga um grunnskóla árið 2008 segir vegna 40. greinar um sérfræðiþjónustu: „...nemendur fái stuðning, ráðgjöf og þjálfun innan grunnskóla en þurfi ekki að sækja slíkt út fyrir vegg skólans, nema nauðsyn beri til. Hér er einnig átt við að sveitarfélög skuli stuðla að því að ýmis þjálfun fari fram innan grunnskóla hjá sérfræðingum sem ekki eru starfsmenn sveitarfélaga en hér er m.a. átt við iðjuþjálfun, talþjálfun og sjúkraþjálfun sem ýmsir nemendur þurfa reglulega. Æskilegt er að slík þjálfun geti að mestu farið fram innan grunnskóla *þótt greiðslur fyrir þjónustuna komi frá öðrum aðilum en sveitarfélögum.*“
- Reglugerð nr. 721/2009 fjallar um þjálfun sem sjúkratryggingar taka til og hlutdeild sjúkratryggðra í kostnaði við þjálfun, þ.e. sjúkra-, iðju- og talþjálfun. Þar segir í 4. grein 1. lið: „Börn undir 18 ára og einstaklingar með umönnunarkort frá Tryggingastofnun ríkisins *skulu greiða 20% af umsömdu heildarverði fyrir fyrstu 25 meðferðarskipti* á einu ári en greiða ekkert gjald fyrir fyrirfram samþykkt viðbótarþjálfun. Skv. svari velferðarrh. við fsp. Vigdísar Hauksdóttur þingmanns um þjónustu talmeinafræðinga (þskj.802-436. mál) er rglg. ætlað að tryggja að *allir einstaklingar* sem leita sér þjónustu hjá talmeinafræðingi sem starfar skv. samningi við SÍ, börn jafnt sem fullorðnir njóti sömu þátttöku ríkisins í kostnaði.
- Á upplýsingavef SÍ segir m.a. um talþjálfun: „Hærrí greiðsluþátttaka fyrir aldraða, lífeyrisþega, börn og einstaklinga með umönnunarkort.
Greidd eru 80% af kostnaði við nauðsynlega *talþjálfun* fyrstu 30 skiptin fyrir:
-börn og unglínglinga yngri en 18 ára
-einstaklinga með umönnunarkort frá Tryggingastofnun
-lífeyrisþega með tekjutryggingu“

³ Sbr. tölvupóstur frá deildarstjóra skóladeildar Garðabæjar frá 15. desember 2011

⁴ Skýrsla um stöðu barna og ungmenna með tal- og málþroskafrávik og úrræði sem þeim standa til boða í skólakerfinu, bæði á leik- og grunnskólastigi. 2012

23. OKT. 2012

Fjarðabyggð



Samband íslenskra sveitarfélaga
Bt: framkvæmdastjóra og stjórnar
Pósthólf 8100
128 Reykjavík

Fjarðabyggð, 16.10.2012
Tilvísun 1209070/7.6

Bæjarráð Fjarðabyggðar tók fyrir á fundi 15. október s.l. fyrirspurn um þátttöku Fjarðabyggðar í talmeinakennslu barns þar sem Sjúkratryggingar Íslands greiða ekki kostnað vegna kennslunnar.

Bæjarráð sér sér ekki fært að greiða talmeinakennslu barna en telur það ótvíræða skyldu Sjúkratrygginga Íslands að taka þátt í greiðslu þess kostnaðar. Á heimasíðu stofnunarinnar kemur m.a. fram að hún greiði 80 % af kostnaði við nauðsynlega talþjálfun í fyrstu 30 skiptin hjá börnum og unglingum upp að 18 ára aldri.

Því er hér með komið á framfæri við stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga að það beiti sér fyrir því að Sjúkratryggingar Íslands og hlutaðeigandi ráðuneyti sinni því hlutverki sínu að greiða fyrir talmeinakennslu barna og fundin sé lausn þessara mála hið fyrsta til hagsbóta fyrir þá sem á þjónustunni þurfa að halda.


Gunnar Jónsson
bæjarritari

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA	
Mál nr.	09100173A
Móttekið dags.	23. OKT. 2012
Bréfalykils nr.	

Fjarðabyggð
Hafnargötu 2
730 Fjarðabyggð

Sími 470 9000
www.fjardabyggd.is
Þú ert á góðum stað

Norðfjörður
Eskifjörður

Fáskrúðsfjörður
Stöðvarfjörður

Samband íslenskra sveitarfélaga
Bt: framkvæmdastjóra og stjórnar
Pósthólf 8100
128 Reykjavík

Hveragerði 17. september 2012

Efni: kostnaður við talþjálfun barna og ungmenna.

Á fundi bæjarráðs Hveragerðisbæjar þann 6. september 2012 var tekið fyrir erindi frá Halldóru Guðlaugu Steindórsdóttur þar sem hún óskar eftir því að Hveragerðisbær endurgreiði hluta kostnaðar við talþjálfun dóttur hennar. Með bréfinu fylgdi afgreiðsla Sjúkratrygginga Íslands (SÍ) þar sem umsókn Halldóru um greiðsluþátttöku SÍ var hafnað.

Eftirfarandi var samþykkt samhljóða:

Bæjarráð sér sér ekki fært að verða við erindinu enda telur bæjarráð skyldur sjúkratrygginga til greiðsluþátttöku í talþjálfun barna og unglunga ótvíæða.

Bæjarráð átelur Sjúkratryggingar Íslands(SÍ) harðlega fyrir höfnun erindis Halldóru sem er í andstöðu við gildandi lög og reglugerðir og jafnframt í andstöðu við upplýsingar sem gefnar eru á heimasíðu SÍ þar sem segir orðrétt: „Greidd eru 80% af kostnaði við nauðsynlega talþjálfun fyrstu 30 skiptin fyrir börn og unglunga yngri en 18 ára.“ Það að annað skuli hafa verið ákveðið í samningi SÍ og talmeinafræðinga getur aldrei sett skyldu á sveitarfélög umfram það sem lög landsins hafa ákveðið enda eru sveitarfélögin ekki aðilar að umræddum samningi.

Fyrir liggur að starfsmenn Sambands íslenskra sveitarfélaga hafa unnið að lausn þessa máls um nokkurn tíma og hvetur bæjarráð þá aðila sem og viðkomandi ráðuneyti til að finna ásættanlega lausn á þessu máli hið allra fyrsta því börnin líða fyrir þessa stöðu á meðan ekki finnst lausn.

Bókun bæjarráðs er hér með komið á framfæri um leið og stjórn Sambands Íslenskra sveitarfélaga er hvött til að beita sér fyrir því að Sjúkratryggingar Íslands sinni því hlutverki sem þeim ber að gera varðandi talþjálfun barna og ungmenna og þannig verði sem fyrst bætt úr því ástandi sem hér á landi hefur skapast.

Virðingarfyllst,

Aldís Hafsteinsdóttir,
Bæjarstjóri

Svar

velferðarráðherra við fyrirspurn Vigdísar Hauksdóttur um þjónustu talmeinafræðinga.

1. *Hver er munurinn á samningum talmeinafræðinga á Akureyri og í Reykjavík við Tryggingastofnun? Eru samningar öðruvísi ef um landsbyggðina er að ræða?*

Enginn munur er á samningum við talmeinafræðinga á Akureyri og í Reykjavík. Ramma-samningur Sjúkratrygginga Íslands við talmeinafræðinga frá 2. febrúar 2010 er eini samningurinn á þessu sviði og stendur sá samningur öllum talmeinafræðingum á landinu til boða. Samningar sem miða að því að þjónusta fólki á landsbyggðinni eru því í engu frábrugðnir samningum sem þjóna fólki í þéttbýli. Þannig háttar málum nú að sjö talmeinafræðingar* hafa sagt sig inn á samninginn og starfa í samræmi við hann. Það er u.þ.b. þriðjungur af fjölda þeirra talmeinafræðinga sem störfuðu samkvæmt samningi þegar best lét. Gagnvart sjúklingum er munurinn sá að þeir sem leita sér þjónustu hjá talmeinafræðingum sem starfa samkvæmt samningnum njóta hærri greiðsluþátttöku sjúkratrygginga en þeir sjúklingar sem kjósa að leita þjónustu hjá þeim sem starfa utan samnings og innheimta greiðslu samkvæmt eigin taxa hverju sinni.

2. *Er það rétt að sjúkratryggðir einstaklingar, hvort heldur börn eða fullorðnir, sem sækja sömu þjónustu til löggiltra talmeinafræðinga á stofu fái ekki sömu endurgreiðslu frá Sjúkratryggingum Íslands samkvæmt reglugerð heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra nr. 1166/2007? Ef svo er, finnst ráðherra eðlilegt að íslenska ríkið mismuni sjúkratryggðum þegnum sínum á þann hátt?*

Samkvæmt 21. gr. laga nr. 112/2008, um sjúkratryggingar, tekur hún til nauðsynlegrar sjúkrahjálfunar, iðjuþjálfunar og talþjálfunar sem samið hefur verið um. Á grundvelli greinarinnar er í gildi reglugerð nr. 721/2009, um þjálfun sem sjúkratryggingar taka til og hlutdeild sjúkratryggðra í kostnaði við þjálfun. Reglugerðin tryggir að allir einstaklingar sem leita sér þjónustu hjá talmeinafræðingi sem starfar samkvæmt samningi við Sjúkratryggingar Íslands, hvort heldur börn eða fullorðnir, njóta sömu þátttöku ríkisins í kostnaði. Skv. 38. gr. sömu laga er í sérstökum tilfellum heimilt tímabundið að endurgreiða sjúkratryggðum útlagðan kostnað á grundvelli gjaldskrár, séu samningar ekki fyrir hendi, en ráðherra setur reglugerð um nánari framkvæmd, m.a. um tímalengd heimildarinnar og skilyrði fyrir endurgreiðslu. Vegna sjúklinga þeirra talmeinafræðinga sem ekki vilja vera aðilar að rammamningi Sjúkratrygginga Íslands er í gildi reglugerð nr. 1166/2007 til að opna heimild fyrir sjúkratryggingar til endurgreiðslu til viðkomandi sjúklinga. Það er óeðlilegt að slík reglugerð gefi sömu endurgreiðslu og greiðsluþátttöku sjúkratrygginga sem næst með samningum. Skv. 5. mgr. 40. gr. laganna skal aðili sem hyggst hefja sjálfstæðan rekstur heilbrigðisþjónustu þar sem gert er ráð fyrir að ríkið greiði kostnað sjúklings að hluta eða öllu leyti hafa gert samning

* Fjórir eru á Akureyri, einn í Reykjanesbæ, einn á Akranesi og einn á Sauðárkróki.

við sjúkratryggingastofnunina áður en hann hefur rekstur, nema fyrir liggi einhliða ákvörðun ráðherra um greiðsluþátttöku á grundvelli sérstakrar heimildar í öðrum lögum. Slík einhliða ákvörðun ráðherra getur þó lögum samkvæmt aldrei verið nema tímabundin.